

Vissir þú að...

- Árlega hljóta **500 Íslendingar** heilaáverka og eru flestir ungt fólk.
- Talið er að héraendis þurfi árlega um **100 manns** á sérhæfðri endurhæfingu að halda.
- Margir sendir beint heim af bráðadeildinni og **án greiningar** um áverkatengdan heilaskaða.
- **Slys á börnum** eru mun algengari á Íslandi en á hinum norðurlöndunum. Um **300 af hverjum 1000 börnum** eða 30% koma á slysideild á ári með áverka af völdum slyss.
- Bráðarmeðferð góð en ekki nema um **10 manns** komast á Grensás á ári, og framhaldsmeðferð á Reykjalundi er góð en ekki nema **8-10 manns** komast á Reykjalund á ári.
- **Enginn langtíma endurhæfing** er í boð á Íslandi. **Ekki** er til nein sérhæft endurhæfingarúráði fyrir **börn og unglinga** á Íslandi.
- Ísland er **20-30 árum** á eftir nágrannalöndum okkar þegar kemur að endurhæfingarúrræðum.
- Mjög lítil þekking er á umfangi og afleiðingum heilaskaða og er því oft erfitt að greina vandann.
- Aðstandendur fá mjög litlar upplýsingar og lítið er um faglegru ráðgjöf fyrir aðstandendur. Aðstandendur fá nánast ekki neinar upplýsingar um afleiðingar þess að fá áverkatengdan heilaskaða.

Endilega kíkjá á heimasíðuna okkar til að fræðast meira:

<http://mariaros34.vix.com/akominn-heilaskadi>

Hvað er áverkatengdur heilaskaði?



Lífi sem er bjargað verður að gefast tækifæri til að lifa

Hvað er áverkatengdur heilaskaði?

Allur skaði sem er að völdum áverka á heila.

Helstu orsakir heilaskaða af völdum áverka:

- Umferðaslys.
- Ofbeldi.
- Íþróttir.
- Vinnuslys.
- Afleiðingar áfengis og vímuefna notkunar.
- Hjá börnum og öldruðum eru föll algengasta ástæðan.



Einkenni

Skert einbeiting: eiga erfitt með að einbeita sér að mörgu í einu, erfitt með einbeiningu í langan tíma, missir þráðinn í samtölum, eirðaleysi og erfitt með að útiloka áreiti í umhverfinu.

Minisskerðing: geta gleymt hlutum, gleymt að gera ýmis verk, gleymt hlutum eins og hvað það var að gera eða hvað það er að fara að gera, geta átt erfitt með að læra nýja hluti. Yfirleit er ekki breyting á minningum löngu fyrir slys eða áfall.

Úthald, síþreyta og skertur vinnsluhraði: Skert líkamlegt og andlegt úthald. Þolir illa áreitti, margmenni, hávaða, þarf lengri tíma til að hugsa og lengri tíma fyrir úrvinnslu í heila og til að framkvæma hlutina.

Mál: Sumir þurf að læra að tala og eða skrifa að nýju eða hluta. Stafar oft af því að einstaklingur nær ekki að kalla fram orðin eða skilja hvað er sagt.

Andlegir þættir: Kvíði, þunglindi, breytt geðslag, áfallastreituröskun eru beinar afleiðingar af skaða í heila.

Önnur möguleg einkenni: höfuðverkur, verkir/taugaverkir, svimi, flog, kraft skerðing, truflun á skyni, svefntruflanir og samhæfingu vöðva.

Framheilaskaði: Persónuleika breyting, skertu innsæisleysi, framtaks- og frumkvæðisleysi. Skilur ekki af hverju hann mætir hindrunum alls staðar. Getur haft áhrif á hegðun og hugsun einstaklings. Getur komið fram í t.d að gráta og hlægja án þess að ætla sér það, verður uppstökkur, gefast fljót upp, vera upptekinn af sjálfum sér, erfitt með að fara eftir reglum samfélagsins, getur skort sjálfstraust og sjálfsvirðingu.

Oft gleymist að heilaskaði af völdum áverka er varanleg fötlun.